

Mætt voru: Jón Ragnar Gunnarsson, Jón Garðar Steingrímsson og Rósa Margrét Grétarsdóttir. Jón Ragnar setti fundinn kl 11:00.

1. Styrkjamál

Samþykkt var að Jón Garðar og Rósa myndu sjá um að senda inn umsóknir í afreksmannasjóð ÍSÍ fyrir árið 2006. Fyrir einstaklinga verður sótt um fyrir Auði Önnu Jónsdóttur, Björn Þorleif Þorleifsson og Sigrúnu Nönnu Karlsdóttur., Einnig verður sótt um styrki fyrir unglíngalandslið TKÍ, landslið TKÍ í sparring og landslið TKÍ í poomse.

2. Keppnis- og mótareglur

Jón Ragnar ætlar að senda keppnis- og mótareglur á aðildarfélög TKÍ og til nokkurra einstaklinga til yfirlstrar og ráðgjafar um mögulegar úrbætur á þeim. Einnig munu Jón Ragnar og Jón Garðar setja saman grunn að auglýsingu fyrir mót sem mun vera aðgengilegur öllum mótshöldurum á netinu.

3. Eldri fundargerðir

Jón Garðar ætlar að senda réttar útgáfur til Erlings, vefstjóra vefs TKÍ.

4. Greiðsla frá WTF

Greiðsla frá World Taekwondo Federation (WTF) að upphæð \$1.500 hefur verið lögð inná reikning TKÍ. Um er að ræða styrk úr "Reform fund" að frádreginni \$3.500 skuld fyrri stjórnar við Kukkiwon.

5. Greiðslukvittun frá Tollstjóranum í Reykjavík

Farið var yfir greiðslukvittun frá Tollstjóranum í Reykjavík vegna innflutnings á ýmsum vörum í nafni TKÍ að upphæð 84.773. TKÍ mun kanna ástæðu þess að nafn TKÍ var notað í heimildarleysi og koma í veg fyrir að slíkt verði gert aftur.

6. Íslandsmótið 2005

- a) Ákveðið var að Master Stig Uve Ness yrði yfirdómari á Íslandsmótinu 2005, sem haldið verður 19. og 20. nóvember 2005.
- b) Ákveðið var að setja 3ja starfsmanna lágmark á hvert aðildarfélag óháð stærð og vonar TKÍ að aðildarfélögin sendi nægan fjölda starfsmanna til að Íslandsmótið gangi vel.
- c) Keppt verður í poomse á laugardaginn og sparring á sunnudaginn.. Keppni hefst á laugardag kl 15:00 og 09:00 á sunnudaginn.
- d) Dómara- og starfsmannafundur verður á föstudaginn og mun Master Stig sjá um hann.
- e) Einhverjir verðlaunapeningar eru til frá fyrri Íslandsmótum og var ákveðið að safna þeim saman og kanna möguleika á því að grafa nýja áletrun á þá.
- f) Ákveðið var að varpa upp á tjald stigagjöf/stöðu á mótinu jafnóðum og þær upplýsingar eru skráðar.
- g) Keppt verður í eftirfarandi flokkum

- I. Beltaskipting: Hærri (5 keup og yfir) og lægri (6 keup og niður).
 - II. Aldurskipting: Minor (12 – 14 ára), junior (15 – 17 ára) og senior (18 ára og eldri).
 - III. Þyngdarskipting: Í sparring verður notast við HM þyngdarflokkana.
- h) Mótstjóri var ákveðinn Jón Ragnar.
 - i) Hótelherbergi verður pantað fyrir Master Stig.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 12:25.